

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um stjórnskipan Þjóðkirkjunnar á grundvelli fyrri samþykktar auka kirkjuþings frá árinu 2021, 7. máli með þar til gerðum breytingum og nefndaráliti

Frá löggjafarnefnd.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Löggjafarnefnd hefur fjallað um tillöguna, sem gengur skemur en tillaga löggjafarnefndar út frá 53. máli kirkjuþings 2022-2023. Tillagan byggir á 7. máli kirkjuþings 2021 eða núgildandi skipulagi yfirstjórnar kirkjunnar og er lögð fram til að styrkja og festa í sessi núverandi skipulag.

Löggjafarnefnd getur ekki mælt með að kirkjuþing samþykki eftirfarandi í tillögunni: „Óheimilt er að gera trúnaðarsamninga þar sem stjórn kirkjunnar er ekki upplýst um fjárhæðir eða að innihald samnings brýtur í bága við mannhelgi, jafnræði, gagnsæja og góða stjórnarhætti.“ Orðið mannhelgi er þannig skýrt í lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði: „Í mannhelgi felst samkvæmt útskýringu Lögfræðiorðabókarinnar lögvernd þeirra réttinda sem standa næst mannum, það er lífs, lima, æru og einkalífs.“ Mjög hæpið er að setja stóryrði af þessu tagi inn í tillögu um hvernig skuli haga yfirstjórn kirkjunnar. Löggjafarnefnd álitur ennfremur að engir stjórnendur innan Þjóðkirkjunnar ættu að geta gert fjárhagssamninga, trúnaðarsamninga eða aðra þá samninga, sem skuldbinda kirkjuna til fjárútláta eða ábyrgða nema stjórn Þjóðkirkjunnar eða kirkjuþing. Löggjafarnefnd er þó sammála, að ekki eigi að liggja leynd yfir samningum sem gerðir eru fyrir hönd Þjóðkirkjunnar og innihald þeirra megi ekki brjóta í bága við jafnræði, gagnsæi og góða stjórnarhætti.

Þá telur löggjafarnefnd að tillagan í heild sé ekki í samræmi við þjóðkirkjulögin en þar segir í 7. gr.: „Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárfstjórnarvald, nema lög kveði á um annað. Kirkjuþing markar stefnu þjóðkirkjunnar í sameiginlegum málefnum hennar, öðrum en þeim sem lúta að kenningu hennar.“ Um erindi þjóðkirkjunnar segir svo í 3. gr.: „Þjóðkirkjunnar ber að halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni. Prestar og djáknar gegna vígðri þjónustu í þjóðkirkjunni. Þjóðkirkjan heldur úti ýmiss konar fræðslu og kærleiksþjónustu, eftir því sem við verður komið.“ Yfir 80% af fjármunum þjóðkirkjunnar fer í að sinna þessari þjónustu. Kirkjuþing hlýtur að ákvarða og hafa vald yfir því hvernig þessari þjónustu er sinnt og hvernig meirihluta fjármuna

kirkjunnar er ráðstafað. Tillagan og skipuritið í 21. máli tryggja ekki að svo sé heldur er biskupi þar falið að sjá um þetta.

Löggjafarnefnd álítur að tillagan leysi ekki þau vandamál og hnökra sem hafa komið upp í stjórnslu kirkjunnar. Þá er það misvísandi að tala um „stjórn þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar“ því að lögaðilinn er Þjóðkirkjan með stórum staf. Eðlilegra er að tala um stjórn Þjóðkirkjunnar enda kemur fram í fyrstu málsgrein tillögunnar að stjórnin eigi að vera yfir tveimur ábyrgðarsviðum kirkjunnar og mun þar væntanlega vera átt við ábyrgð á fjármálum og ábyrgð á þjónustu.

Í ljósi framangreindra annmarka þá leggur löggjafarnefnd til að málinu verði hafnað.

Bryndís Malla Elísdóttir, formaður löggjafarnefndar, stendur ekki að afgreiðslu málsins.

Elínborg Sturludóttir sat hjá við afgreiðslu málsins og Krístrún Heimisdóttir var fjarverandi.

Reykjavík, 13. nóvember 2023.

Löggjafarnefnd.

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Jóhanna Gísladóttir.

Konráð Gylfason, varaform.

Magnús Erlingsson.

Óskar Magnússon.

Stefán Magnússon.